



Iðnaðarnefnd
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

SA/

Rvk. 17. 12. 2003

Efni: Tillaga til þingsályktunar um aðgerðir til stuðnings atvinnurekstri í smáum og meðalstórum fyrirtækjum

Í tillögunni er sett fram hugmynd um framkvæmdaáætlun um aðgerðir til stuðnings atvinnurekstri í smáum og meðalstórum fyrirtækjum með það að markmiði að auðvelda mönnum að stofna til atvinnurekstrar. Áætlunin feli í sér sérstaka athugun á, og eftir atvikum tillögur til úrbóta varðandi starfsumhverfi fyrirtækja. Er m.a. lagt til að athugaður verði kostnaður við að stofna til atvinnurekstrar, aðgangur að fjármagni, skattalög með sérstöku tilliti til smáfyrirtækja, staða smáatvinnurekstrar samkvæmt lögum og reglum, gagnvart eftirliti og leyfisveitingum og kostnaður við samskipti við stjórnsýslu og stofnanir.

Smæð íslensks efnahagslífs veldur því að allflest íslensk fyrirtæki eru smá á alþjóðlegan mælikvarða. Undir skilgreiningu Evrópusambandsins á litlum og meðalstórum fyrirtækjum falla öll fyrirtæki sem hafa færri en 250 starfsmenn. Allra minnst eru þau fyrirtæki talin sem hafa færri en 10 starfsmenn, en fyrirtæki sem eru með starfsmenn á bilinu 10-50 eru skilgreind sem lítil. Meðalstór fyrirtæki eru þau sem eru með starfsmenn á bilinu 51-250. Meirihluti íslenskra fyrirtækja eru einyrkjafélög eða örsmá fyrirtæki. Skv. upplýsingum frá Þjóðhagsstofnun fyrir árið 1997 voru 1.440 fyrirtæki (rekstrareiningar utan hins opinbera) starfandi á landinu með fleiri en 10 starfsmenn. Í þeim hópi voru 1.392 fyrirtæki með starfsmenn á bilinu 10-50 eða um 97% þeirra. Þau 3% fyrirtækja sem eftir eru teljast því annað hvort meðalstór eða stór en flokkun Þjóðhagsstofnunar gefur ekki möguleika að skilja þar á milli, þar sem stærsti flokkurinn taldi fyrirtæki með 60 starfsmenn eða fleiri. Lauslega áætlað eru þau fyrirtæki sem flokkast sem stór fyrirtæki, skv. alþjóðlegum skilgreiningum, aðeins 20-30 hér á landi.

Samtök atvinnulífsins telja þá hugmynd tillöguflýtyjenda, að leita leiða til að auðvelda stofnun fyrirtækja og bæta starfsumhverfi atvinnulífsins, áhugaverða og taka undir hvatningu þeirra til stjórnvalda um að þau beiti sér fyrir athugun á því með hvaða hætti unnt er að stuðla að úrbótum á þessum sviðum. Í ljósi þess að 98-99% fyrirtækja teljast lítil eða meðalstór standa tæpast rök til þess að undanskilja þau örfáu fyrirtæki sem teljast stór hér á landi skv. alþjóðlegum skilgreiningum, og láta þau lúta öðrum reglum en gildir fyrir þau sem minni eru.

Virðingarfyllt,

Hannes G. Sigurðsson, aðstoðarframkvæmdastjóri